

Ed.

## 773. Breytingartillögur

[65. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 12. gr. laganna komi 5 nýjar greinar (verða 13.—17. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

- a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra á líkan hátt og bifreiðar, eftir því sem við á. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjóra, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélareiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiðir fimmtung gjalds þess, sem á hverjum tíma er ákveðið fyrir skrásetningu bifreiða.

Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefnd í té um hver áramót skýrslu um dráttarvélar og jeppabifreiðar, er taldar eru stunda landbúnað í umdæminu.

- b. (14. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarféлага taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu svæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á. Stjórnir búnaðarféлага skulu afgreiða umsóknir til úthlutunarnefndar fyrir hver áramót og sundurgreina, hverja tegund dráttarvélar umsækjandi óskar. Úthlutunarnefnd skal hafa sent fjárhagsráði umsóknir í síðasta lagi 15. febrúar, því til hliðsjónar við veitingu innflutningsleyfa dráttarvéla.

Þegar fjárhagsráð hefur ákveðið tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem til landsins verði fluttar og að öðru leyti líklegt um innflutning þeirra, skiptir úthlutunarnefndin vélunum milli umsækjenda. Skal við úthlutunina meðal annars taka tillit til umsagnar búnaðarfélagisstjórna, dráttarvélakost og landbúnaðarjeppa á búnaðarfélagssvæðinu, nauðsyn umsækjanda og aðstöðu að öðru leyti.

Nefndin gerir lista yfir þá menn, er þantað hafa dráttarvélar, og í hvaða röð skal afhenda vélarnar, sem til úthlutunar koma á því ári, og er innflytjanda og þeim, er vél hlýtur, tilkynnt, þegar fullvíst er, að vélarnar koma til landsins.

- c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

Dráttarvélum má ekki úthluta til annarra en þeirra, sem landbúnað stunda.

- d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

- e. (17. gr.) Gjalddeyrisyfírvöldin skulu kosta kapps um að veita innflytjendum gjalddeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélum þeim, sem í notkun eru í landinu.